

Meðferð

Fleiri en ein hjúkrunargreining af sömu tegund á sama einstakling


Athugasemd við hjúkrunargreiningu

Nýtt tákni í hjúkrunarferlistrénu

Saga 2018.2

Nú er hægt að skrá fleiri en eina hjúkrunargreiningu af sömu tegund fyrir sama einstakling. Einnig er hægt að skrifa athugasemd við hverja greiningu, til að auðvelda auðkenningu. Athugasemdin getur mest verið 256 stafir.

Eftirfarandi skilaboð birtast í Sögu þegar notandi skráir sömu hjúkrunargreiningu á einstakling sem nú þegar er með greininguna á sér. Boðið er upp á að skrá athugasemd við greininguna.



Hámarksfjöldi stafa fyrir lýsingu á einkennum og verkþáttum hefur verið fækkað úr 4000 stöfum í 256.

Einungis er hægt að skrá eina greiningu af sömu tegund í einu. Ef það á að skrá fleiri en eina þarf að vista eina og eina í einu áður en næstu er bætt við.

The screenshot shows two parts of the software interface. On the left, a list of diagnoses under the heading 'Greiningar' includes 'Hætta á veiklun húðar - Hægri ölnbogi'. On the right, a detailed view of the 'Hjúkrunarferli' (Nursing Process) is shown, with a table of dates (fös., lau., sun.) and a list of diagnoses. The diagnosis 'Hætta á veiklun húðar - Hægri ölnbogi' is highlighted in red in both views, with a red double-headed arrow indicating the connection between them.

Hjúkrunarferli	fös.	lau.	sun.
Hætta á byltum - 28.06.2018			
Greining áhættubátta [28.06.2018]			
Hætta á byltum - 28.06.2018			
Sár á slímhúða - 28.06.2018			
Hætta á veiklun húðar - 28.06.2018 - Hægri ölnbogi			
Hætta á veiklun húðar - 28.06.2018 - Vinstri ölnbogi			


Athugasemdin er síðan sýnd alls staðar þar sem hægt er að sjá greininguna, t.d. í meðferðarskráningu og heimahjúkrun, forsíðu sjúklings og textasýn.

Eftirfarandi mynd sýnir hvernig þetta birtist í Forsíðu sjúklings – Hjúkrunargreiningar:

▼ Hjúkrunargreiningar

Dagsetning	Hjúkrunargreining	Athugasemd	Deild	Lokið þann
▶ 28.06.2018	Hætta á veiklun húðar	Hægri olnbogi	Almennar lyflæ...	
28.06.2018	Hætta á veiklun húðar	Vinstri olnbogi	Almennar lyflæ...	
28.06.2018	Hætta á veiklun húðar	Hægri olnbogi	Almennar lyflæ...	
28.06.2018	Sár á slímhúð		Almennar lyflæ...	
28.06.2018	Hætta á byltum		Almennar lyflæ...	
28.06.2018	Hætta á byltum		Almennar lyflæ...	

Í hjúkrunarferlistrénu hefur nú verið bætt við nýju tákni (blár ferningur) sem táknar skráningu á athugasemd við verkþátt en að ekki hafi verið hakað við framkvæmd verkþáttar með „Já“ eða „Nei“. Áður var ekkert sýnt í trénu:



Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir